

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð um viðurkenningu á innkaupsverði sérlyfja nr. 244/1974.**

**1. gr.**

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sækja ber um sérhverjar breytingar á fob- eða cif-verði sérlyfs og miða við þá gjaldeyrstegund, sem innkaupsverð er reiknað út frá.

Umsóknir um slíkar breytingar skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, lyfjamáladeild, með a. m. k. 6 vikna fyrirvara miðað við 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.

**2. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 69. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Almar Grímsson.*

**GJALDSKRÁ**

**Rannsóknastofnunar iðnaðarins yfir rannsóknir og aðra þjónustu.**

**1. gr.****1. Efnagreiningar.****1.1. Fóðurefni og matvæli.**

Sykurefni (með aðferð Fehlings)	kr. 1 100.00
Sterkja (í kjötmeti)	— 1 500.00
Kalsíum	— 800.00
Fosfór	— 800.00
Aska	— 400.00
Salt	— 500.00
Vatn	— 400.00
Fita (með Soxhlet)	— 700.00
Ammoníak	— 400.00
Natríum nítít	— 1 000.00
Protein (Kjeldahl)	— 1 000.00
Meltanlegt protein	— 1 700.00
Tréni (aðferð Weende)	— 900.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni	— 2 800.00
Vatn, aska, protein, fita, tréni, meltanlegt protein, Ca, Mg, Na, P	— 6 600.00

**1.2. Vatn (drykkjarvatn, heitt jarðvatn).**

Ammoníak	kr. 400.00
Permanganattala	— 600.00
Brennisteinsvetni	— 700.00
Flúoríð	— 600.00
Járn	— 600.00